



Formannafundur HSH

Haldinn á Skeri í Snæfellsbæ,

20. febrúar 2025 kl. 17:00

Fundinn sátu:

Stjórn HSH: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Starfsmaður HSH: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Formenn aðildarféлага: Arnar Geir Diego Ævarsson – Skotfélag Snæfellsness, Sigurósk Sunna Magnúsdóttir – UMF. Staðarsveitar, Kristján Ágúst Magnússon – UMF. Eldborgar, Tinna Ýr Gunnarsdóttir og Margrét Eva Einarsdóttir – UMF. Víkingur/Reynir, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson – UMF. Snæfell, Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir – UMF. Grundarfjarðar, Laufey Bjarnadóttir – Íþróttafélag Miklaholtshrepps, Garðar Svansson – Golfklúbburinn Vestarr, Kristján Þórðarson – Golfklúbbur Staðarsveitar, Herborg Sigríður Sigurðardóttir – Hestamannafélagið Snæfellingur

Starfsmenn svæðisstöðva á Vesturlandi: Álfheiður Sverrisdóttir og Heiðar Mar Björnsson.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir og Kristfríður Rós Stefánsdóttir

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og að á meðan fundi stæði væri boðið upp á pizzuhlaðborð. Fundarmenn tóku til matar og dagskrá fundarins hófst.

Dagskrá

1. Praktísk atriði og dagsetningar
 - a. Aðalfundir aðildarféлага
 - i. Samkvæmt lögum HSH eiga aðildarfélög HSH að vera búin að halda aðalfundi sína fyrir 15. mars ár hvert. Stjórn HSH óskar eftir því að fá fundarboð á aðalfundi félaganna og reynir eftir bestu getu að mæta. Þing HSH skal haldið fyrir 15. apríl ár hvert.
 - ii. Lagabreytingar – Ef einhverjar lagabreytingar eru lagðar fyrir aðalfund þarf að senda breytingar á lögum til HSH sem áframsendir það á ÍSÍ.
 - b. Samþykktir ársreikningar
 - i. Stjórnir aðildarféлага skila árituðu eintaki til HSH að aðalfundi loknum. Öll stjórnin og skoðunarmenn skulu undirrita ársreikningana og skila þeim inn til stjórnar HSH eigi síðar en 17. mars ár hvert.



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað1922

- ii. *Aðildarfélag skulu skila ársreikningum á ársreikningaformi HSH eða öðru nákvæmara formi ef þið kjósið svo.*
 - c. Ársskýrslu- og ársreikninga skapalón
 - i. *Aðildarfélag HSH skulu skila inn ársskýrslu til HSH eigi síðar en 17. mars og nota til þess skapalón sem framkvæmdastjóri sendir út að loknum formannafundi.*
 - d. Starfsskýrsluskil
 - i. *Félagatali þarf að skila inn í skilakerfi ÍSÍ fyrir 15.apríl.*
 - 1. *Gríðarlega mikilvægt að stjórnir félaganna fari í gegnum félagatalið og hreinsi út úr því.*
2. Þing HSH 2025
- Verður haldið í Samkomuhúsinu í Grundarfirði þann 7. apríl kl. 18:00. UMF. Grundarfjarðar mun halda utan um þingið í ár.
- a. Ársreikningur HSH

Gjaldkeri HSH fór yfir ársreikning HSH fyrir formenn aðildarfélaga. Einnig var farið yfir lottó greiðslur til aðildarfélaga HSH fyrir árið 2024 sem verður greitt út að þingi loknu. Gjaldkeri HSH útskýrði breytingar á lottó frá UMFÍ og ÍSÍ, hver skerðingin er til HSH. Að auki var farið yfir þá lækkun sem verður á ársreikningi v. Landsmóts 50+ sem haldið var í Stykkishólmi 2023. Á þingi HSH var samþykkt að niðurgreiða keppnisgjöld v. Unglingalandsmóts UMFÍ en stjórnin ákvað að niðurgreiða gjöldin að fullu. Þá var farið yfir akstur og risnu stjórnar en akstur stjórnar er greitt 60% af ríkistaxta. Þá hafa verið haldin mörg námskeið á vegum HSH árið 2024 fyrir aðildarfélögin sem hafa verið vel sótt.
 - b. Tillögur fyrir þing

Framkvæmdastjóri HSH fer yfir tillögur sem verða á þingi.

 - i. Hvatningartillögur

HSH gerðist fyrirmyndarhérað í október 2024. Við hvetjum félögin til þess að skoða hvað vantar upp á og sækja sér aðstoð hjá framkvæmdastjóra HSH til þess að gerast fyrirmyndafélag.
 - ii. Þakkartillögur
 - iii. Fjárhagsáætlun

Farið yfir það sem var áætlað og rauntölur fjárhagsáætlunar HSH 2024. Rauntölur v/Lottó voru lægri en það sem var áætlaði vegna skerðingar. Gjaldkeri HSH tekur fram að allar líkur verði á því að það verði gerð krafa á þingi ÍSÍ vegna lækkunar lottó til aðildarfélaga en félög úti á landi finna mest fyrir skerðingunni borið saman við stærri aðildarfélögin. Að auki var rætt um ógreiddan reikning frá Byggðasamlagi Snæfellinga sem er styrkur sem ekki hefur verið greiddur út.
 - iv. Lagabreytingar

Framkvæmdastjóri fór yfir lagabreytingar HSH sem verða lagðar fyrir þing HSH þann 7. apríl. Breytingar hafa verið gerðar á 9., 10., 11., 18., og 23. grein laga HSH. Í 10. grein laga HSH var farið í gegnum tvær tillögur fyrir greinina. Opnað var á umræður hvora tillöguna ætti að hafa inni. Samhljómur var í formönnum að hafa tillöguna um að óvirk félög færu í sérstaka hillu innan HSH. Breytingu



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað1922

þarf að gera á 18. grein laga og bæta inn að ekki megi gera lagabreytingar á aukapingi nema af kröfu ÍSÍ.

v. Lottóúthlutun

Lottóskerðing til HSH eru 23,3% á milli ára eða úr 9,5 milljónum niður í tæpar 7,2 milljónir. Gjaldkeri HSH fór yfir reglugerðabreytingu á lottóúthlutun. Í nýrri reglugerð sem greitt verður eftir fyrir 2025 eykur HSH greiðslur til aðildarféлага úr 48% í 55% og að auki fer 5% í styrktar- og íþróttasjóð HSH. Mikilvægt er að öll aðildarfélög fari yfir skráningu á félögum og taki út látna. Eins þurfa félögin að halda utan um lögheimili skráningu. Stærsta breytingin á nýrri reglugerð lottó er að 65% fer til iðkenda 6 – 18 ára. UMFÍ og ÍSÍ leggja áherslu á að lottógreiðslur fari í grasrótarstarfið þar sem börn og ungmenni æfa og því mun HSH gera þessa breytingu.

c. Tilnefningar til heiðursviðurkenninga hjá ÍSÍ, UMFÍ og HSH.

- i. *Farið yfir nýjung vegna heiðursviðurkenninga HSH, þ.e. gull- og silfurmerki HSH. Stjórn HSH hvetur aðildarfélögin til þess að tilnefna sjálfboðaliða innan þeirra starfa til heiðursviðurkenninga. Formenn aðildarféлага munu fá skapalón til þess að fylla út og senda á framkvæmdastjóra fyrir ársþing. Aðildarfélög eru hvött til þess að skila fleiri en færri tilnefningum.*

3. Tímalína – skapalón

- a. *Starfsmaður HSH hefur unnið að því að útbúa skjal þar sem haldið er utan um öll þau verkefni sem starfsmaður og stjórnarmeðlimir HSH vinna að. Búið er að útbúa skapalón fyrir aðildarfélögin en við mælum með því að formenn og stjórnir aðildarfélaganna verði dugleg að fylla inn í skjalið en með þessu er hægt að halda betur utan um það starf sem hver og einn sinnir innan stjórnar.*

4. Niðurstöður frá Guðmundu

- a. *Á haustfundi 2024 með formönnum var byrjað á stefnumótunarvinnu með HSH. Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðurnar í stuttu máli, þema og svör hópa við hverri spurningu. Næsta verkefni er að framkvæmdastjóri mun setja niður þá þætti sem HSH er nú þegar að vinna að og í kjölfarið ákveðið hver næstu verkefni verða.*

5. Heimasíða, fréttir og afmælishátíðir - verðlaun

- a. *Stjórn HSH hvetur aðildarfélög til þess að vera dugleg að senda fréttir til framkvæmdastjóra sem hægt er að setja á heimasíðu HSH.*
- b. *Minna formenn aðildarféлага á að hafa samband fyrir afmælishátíðir og þess háttar til þess að veita verðlaun.*

6. Önnur mál

- a. Allir með á Vesturlandi
- i. *Framkvæmdastjórnar ÍA, UMSB, UDN og HSH og svæðisfulltrúar á Vesturlandi stefna að því að halda „Allir með á Vesturlandi“ þann 30. ágúst 2025 á Akranesi. Með verkefninu er verið að stuðla að íþróttum fyrir alla.*
- b. Póstar frá UMFÍ, ÍSÍ, sérsamböndum.



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað1922

- i. *Framkvæmdastjóri óskaði eftir því að fá að vita hvers konar pósta formenn aðildarfélaga eru að fá frá UMFÍ, ÍSÍ og sérsamböndum svo ekki sé verið að tvísenda fjöldapósta.*
- c. Svæðisfulltrúar
 - i. *Búið er að stofna sjálfboðaliðaáfangu í FVA og er það tilraunaverkefni. Þar fá nemendur einingar fyrir að vera í sjálfboðaliðastarfi. Að auki er tilraunaverkefni í gangi á Akranesi þar sem íþróttir verða á skólatíma fyrir börn sem eiga erfitt með að vera í stórum hópum. Mikilvægt sé að ríkið samþykki íþróttastarf líkt og frístundastarf.*
- d. Móttökubæklingur
 - i. *Framkvæmdastjóri sótti um styrk til UMFÍ og Rannís fyrir móttökubækling með öllum upplýsingum um frístundir fyrir börn á sambandssvæði HSH. Bæklingurinn er unnin í samstarfi við tómstundafulltrúa á Snæfellsnesi. Bæklingurinn verður hluti af móttökuáætlun sveitarfélaganna.*

Fundi slitið kl. 18:37

Gunnhildur Gunnarsdóttir